

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/454
komudagur 3.12.2003



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

SA/hbj

Rvk. 03.12.2003

Málefni: Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda. Mál nr. 162

Í framhaldi af fundi fulltrúa Samtaka atvinnulífsins og aðildarféлага þess með umhverfisnefnd Alþingis mánudaginn 24. nóvember s.l. sendum við hjálagt umbeðna samantekt um þau ákvæði frumvarpsins sem gætu stangast á við lög, tilskipanir eða alþjóðasamninga.

Virðingarfyllst

Óskar Mariusson

**FRUMVARP TIL LAGA UM VERNDUN HAFS OG STRANDA
YFIRLIT YFIR SKÖRUN EINSTAKRA ÁKVÆÐA FRUMVARPSINS VIÐ
ÁKVÆÐI NÚGILDANDI LAGA, ALPJÓÐASAMNINGA, REGLUGERÐA OG
TILSKIPANA EÐA VÆNTANLEGRAR TILSKIPUNAR
EVRÓPUSAMBANDSINS.**

Gr.	Efni frumvarps	Lög, tilskipanir eða alþjóðasamningar sem horfa þarf til	Athugasemdir
Allar	Skuldbindingar Atvinnurekenda	Drög að tilskipuninni: "Directive of the European Parliament and of the Council on environmental liability with regard to the prevention and remedying of environmental damage"	Til efni er til að ætla að framangreind tilskipun Evrópusambandsins muni hafa áhrif á efni þessa frumvarps, verði tilskipunin lögfest. Óskað hefur verið eftir að fá upplýsingar um efni tilskipunar frá Umhverfissráðuneyti og áhrif hennar á efni frumvarpsins.
2	Gildissvið	Siglingalög, IX. Kafli. Um ábyrgð útgerðamanns og takmörkun ábyrgðar Alþjóðasamningar* Sbr lög nr 14/1979.	Takmörkun ábyrgðar færð úr 7. grein í 2. grein frumvarpsins. Tilvísun í Alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að
7	Ábyrgð einstaklinga og lögaðila	Siglingalög, IX. kafli	Takmörkun ábyrgðar færð úr 7. grein í 2. grein frumvarps í þeim tilgangi að gera ákvæði 7. greinar um takmörkun ábyrgðar skýrara.
7	Móttaka úrgangsolíu	Lög um spilliefnagjald Nr 56/1996. og lög um úrvinnslugjald nr 162/2002	15. gr laga um úrvinnslugjald stangast á við gildandi lög nr 32/1986 og við 3. mgr 7. gr frumvarpsins.
12	Tilkynningarskylda	Lög um vaktstöð siglinga, nr 41/2003.	Sjá 2,4,5,6,7,8 og 9 greinar laga nr 41/2003 um vaktstöð siglinga. Ákvæði laga um vaktstöð siglinga ættu að teljast fullnægjandi til að ná settum markmiðum.
15	Íhlutun vegna bráðamengunar	Alþjóðasamningar* Sbr lög nr 14/1979.	Ákvæði um íhlutun utan landhelgi Íslands mega ekki ganga lengra en ákvæði alþjóðasamninga mæla fyrir um.
21	Lögveð	Siglingalög, XI. Kafli um sjóveðsrétt	Hver yrði röðun krafna sem myndast á grundvelli þessara laga með tilliti til

			ákvæða 197. og 198. gr siglingalaga?
21	Lögveð	Lög um samningsveð og eignaréttarákvæði stjórnarskrár	Getur það samræmst eignaréttarákvæðum stjórnarskrár Íslands að lögverðsréttur á hendur einum lögaðila myndist í eign annars lögaðila?
23	Lögveð	Siglingalög, XI. Kafli um sjóveðsrétt	Sjá ath við ákvæði 21. greinar
23	Lögveð	Lög um samningsveð og eignaréttarákvæði stjórnarskrár	Sjá ath við ákvæði 21. greinar
24	Eftirlit	Lög um eftirlit með skipum, nr 47/2003 og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr 7/1998.	Horft er til þeirrar stefnu stjórnvalda að einfalda eftirlit með atvinnurekstri í landinu og um nauðsyn þess að atvinnurekstur verði ekki stöðvaður eða sæti takmörkunum að nauðsynjalaus.
26	Sektir	Hegningalög nr 19/1940	Samræma ákvæði gagnvart almennun hegningalögum.
27	Kyrrsetning	Lög um eftirlit með skipum	Gæta þarf þess að lög sem heimila kyrrsetningu skipa kveði á um rétt eiganda til bóta þegar kyrrsetning á grundvelli slíkrar heimildar telst órettmæt.
<p>Alþjóðasamningar* : Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og Alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.</p>			